

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 120 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn 23. febrúar 2023 kl. 16:00

Í fundarsal að Ægisgötu 2.

Mættir voru: Páll Scheving Ingvarsson, Guðlaugur Friðþórsson, Helga Kristín Kolbeins, Sigurbergur Ármannsson, Sæunn Magnúsdóttir, Agnes Einarsdóttir, Rannveig Ísfjörð og Hörður Orri Grettisson framkvæmdastjóri.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

Á dagskrá fundarins voru tveir dagskrárliðir:

1. Uppgjör 2022 og janúarmánuður.

Kynntar voru endanlegar rekstrartölur fyrir árið 2022.

Farþegaflutningar í janúar voru í samræmi við áætlun. Orkukostnaður hefur verið töluvert meiri og má rekja það bæði til skerðingar á raforku og vegna siglinga til Þorlákshafnar.

Niðurstaða:

Stjórnin þakkar framkvæmdastjóra yfirferðina.

2. Innkomið bréf.

Stjórn og framkvæmdastjóra Herjólfss barst bréf frá flutningsaðila.

Niðurstaða:

Bókun stjórnar Herjólfss ohf. vegna niðurfellinga á afsláttum til farmflytjenda:

Verðskrá Herjólfss ohf. vegna farmflutninga hefur ekki hækkað frá því snemma á árinu 2021. Frá sama tíma hafa t.a.m. launavísitala, orkukostnaður og almennt verðlag hækkað umtalsvert sem m.a. kemur fram í hækkingu verðskrá farmflytjanda á sama tíma.

Ef ekki hefði komið til niðurfellingar afsláttarkjara þá er einsýnt að hækka hefði þurft verðskrá Herjólfss ohf. vegna farmflutninga.

Herjólfur ohf. er óhagnaðardrifið fyrirtæki og er óheimilt að taka arð úr rekstri fyrirtækisins en ef reksturinn skilar hagnaði þá skal sá hagnaður fara í að bæta eða auka þjónustu við rekstur skipsins.

Rekstur Herjólfss er fjármagnaður að talsverðu leyti með framlögum hins opinbera og er Herjólfur ohf. markaðsráðandi fyrirtæki í ferjusiglingum milli lands og Eyja. Sem slíkt er Herjólfur ohf. þröngur stakkur sniðinn vegna samkeppnissjónarmiða að veita afslætti með öðrum hætti en þeir séu almennir. Slíkir afslættir þjóna ekki markmiðum Herjólfss ohf.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 21. mars 2023 kl 16:00

Fundi slitið kl. 17:05

Fundargerð ritaði Rannveig Ísfjörð